

1860. útborgunar, vonast stjórnin eptir að fá um það vísbending frá  
28. desemb. yður.

28. desemb. **66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Benedikts Sveinsonar yfirdómara fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri er sett var í Reykjavík vegna fjárkláðans.**

Þér hafð, herra stiptamtmaður, í bréfi 23. októbermánaðar, er síðast leið, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafð látið borga Benedikt Sveinssyni yfirdómara, eptir kröfu hans, 39 rdl. 10 sk. úr jarðabókarsjóði Íslands, sem endurgjald fyrir skrifarastörf þau, er hann hafði á hendi í nefnd þeirri, er sett var til bráðabyrgða í Reykjavík vegna fjárkláðans, frá því 19. aprílmánaðar og þangað til 15. júnímánaðar þ. á.; og hafð þér um leið getið þess, að þaræð dómsmálastjórnin með bréfi 19. aprílm. þ. á. hafi verið búin að veita honum 100 rdl. þóknun fyrir tímann, er liðinn var, þá hafi yður fundizt að þér ekki gætið neitað honum um þóknun eptir sömu tiltölu þangað til 15. júnímánaðar, þá er honum var kunngjört bréf dómsmálastjórnarinnar 1. júnímánaðar um það, að honum eptir beiðni hans væri veitt lausn frá störfum í nefndinni.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, að stjórnin reyndar ekki getur fallizt á, hvaða þýðingu stiptamtið hefir lagt í bréf dómsmálastjórnarinnar 19. aprílm. þ. á., það er áður var nefnt; því þá 100 rdl., sem þar er um rætt, bar ekki að álíta sem laun, heldur aðeins sem þóknun, en af því leiðir, að þetta bréf stjórnarinnar enga heimild gaf til að álykta neitt um upphæð þeirrar borgunar, sem veitt yrði fyrir eptirkomandi tíð, og hafði þar að auki dómsmálastjórnin sjálf áskilið sèr að ákveða hana; en samt sem áður má í þetta skipti við svo búið standa.